

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, Mávahraun.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 4. janúar 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin fellst í því að hluti stofnanalóðar S11, slökkvistöð og áhaldahús Hafnarfjarðar breytist í íbúðarhúsalóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sem lýsir því yfir að bætt verði tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 4. janúar 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 5/2000 um ýmsar grunnfjárhæðir í almennum skattskilum og hækkanir samkvæmt bráðabirgðaákvæði VI, laga nr. 65/1997.

- Hámark verðmætis íbúðarhúsnæðis og einkabifreiðar með tilliti til verðbreytingarfærslu skv. 53. gr. laga nr. 75/1981.**

Hámark verðmætis íbúðarhúsnæðis til eigin nota og einkabifreiðar hjá mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sbr. 5. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1981, skal breytast í samræmi við verðbreytingarstuðul skv. 26. gr. sömu laga: Hækkunarstuðullinn við álagningu 2000 (tekjuár 1999) verður 23,2770 og í stað 500.000 kr. koma því 11.638.500 kr.
- Fjárhæðir í 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981, sbr. b-lið 5. gr. laga nr. 154/1998, vegna fjárfestingar í hlutabréfum, samvinnuhlutabréfum og stofnfjárbréfum í sparisjóðum:**
 - Frádráttur frá skattskyldum tekjum skal vera 60% af verðmæti keyptra hlutabréfa eða stofnfjárbréfa umfram verðmæti seldra bréfa á árinu 1999, að hámarki 80.000 kr. hjá einstaklingi og 160.000 kr. hjá hjónum.
 - Lágmark hlutfjár staðfesta félaga skal vera 22.000.000 kr.
- Laun utan staðgreiðslu á árinu 2000.**

Fjárhæðir skv. 16., 17., 19. og 20. tölul. 1. mgr. 2. greinar reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu:

 - Í 16. tölul., heimilishjálp, húsfélög o.þ.h., verða 107.656 kr. og 215.312 kr.
 - Í 17. tölul., reiknað endurgjald í sjálfstæðri starfsemi, verða 179.427 kr.
 - Í 19. tölul., höfundarlaun, verða 215.313 kr.
 - Í 20. tölul., greiðslur til vistmanna elliheimila, verða 215.313 kr.